



Borgarráð
Ráðhúsinu
101 Reykjavík

Umsögn endurskoðunarnefndar Reykjavíkur vegna ársreiknings Reykjavíkurborgar fyrir árið 2018

Inngangur

Endurskoðunarnefnd Reykjavíkur (nefndin) hefur þrjú meginviðfangsefni sbr. ákvæði IX. kafla laga nr. 3 um ársreikninga og leiðbeiningar Viðskiptaráðs, Kauphallar og Samtaka atvinnulífsins. Þessi þrjú viðfangsefni eru fólgin í eftirliti með:

- vinnuferli við gerð reikningsskila.
- fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits, innri endurskoðun og áhættustýringu.
- störfum ytri endurskoðenda.

Auk þessara viðfangsefna er nefndinni ætluð þau verkefni að :

- meta óhæði ytri endurskoðenda og hafa eftirlit með störfum þeirra.
- setja fram tillögu um val á ytri endurskoðendum og ráðningu innri endurskoðanda.

Umsögn um ársreikning 2018

Vinna nefndarinnar vegna gerðar og endurskoðunar ársreiknings Reykjavíkurborgar hófst í október 2018. Nefndin fundaði við upphaf endurskoðunar með nýjum ytri endurskoðendum Grant Thornton endurskoðun ehf. (GT) þegar unnið var að skipulagningu vinnunnar og hefur nefndin átt nokkra fundi með þeim á þeim tíma sem unnið hefur verið að endurskoðun ársreiknings Reykjavíkurborgar.

Við upphaf endurskoðunar aflaði nefndin gagna frá ytri endurskoðendum um óhæði þeirra og þá var gengið frá ráðningabréfi vegna starfa þeirra, en það byggir á samningi um endurskoðunarþjónusta fyrir árin 2018 – 2022 sem undirritaður var þann 11. júlí 2018.

Nefndin gerði ytri endurskoðendum grein fyrir því sem hún metur helstu áhersluatriði og áhættuþætti í reikningsskilum Reykjavíkurborgar og eru nefndin og ytri endurskoðendur sammála um þau, en þessi atriði eru tíunduð í endurskoðunarskýrslu GT.

Nefndin fundaði með ytri endurskoðendum þann 24. þ.m. þar sem þeir kynntu drög að endurskoðunarskýrslu og gerðu nefndinni grein fyrir helstu niðurstöðum af vinnu sinni. Í skýrslunni koma fram nokkrar athugasemdir og ábendingar, sem bregðast þarf við.

Nefndin hefur fundað með starfsmönnum fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar meðan unnið var að gerð ársreikningsins og fékk nefndin kynningu fjármálaskrifstofu á drögum að ársreikningi 2018 og greinargerðum með ársreikningi á fundi þann 8. þ.m.

Nefndin fékk í hendur ársreikning Reykjavíkurborgar ásamt greinargerðum þann 27. þ.m. Nefndin



vill sérstaklega vekja athygli á ábendingum fjármálaskrifstofu sem fram koma í greinargerðunum.

Nefndin fór yfir ársreikninga og endurskoðunarskýrslur allra B-hluta félaganna og hefur skilað skriflegri umsögn um þá til stjórnna þeirra. Nefndin fundaði sérstaklega með stjórnendum og ytri endurskoðendum félaganna við lok endurskoðunar ársreikninga þeirra og fundaði einnig með stjórnnum félaganna og fór yfir umsagnir sínar á þeim fundum.

Nefndin hefur átt ágætis samstarf við þá stjórnendur sem koma að ársreikningsgerð Reykjavíkurborgar og gerð ársreikninga B-hluta félaganna. Þá hefur nefndin einnig átt gott samstarf við ytri endurskoðendur, en bæði nefndin og ytri endurskoðendur eru á sínu fyrsta ári í störfum sínum fyrir Reykjavíkurborg og B-hluta félögin.

Nefndin telur brýnt að brugðist sé við öllum ábendingum sem fram koma í skýrslum GT og vinnu við þær verði lokið sem fyrst.

Það mun verða eitt af áhersluatriðum nefndarinnar að fylgjast með á hvern hátt og hvenær stjórnendur Reykjavíkurborgar og B-hluta félaganna bregðist við þeim ábendingum sem fram koma í skýrslum ytri endurskoðendanna.

Nefndin vill sérstaklega benda á tvo reiknaða liði í samanteknum ársreikningi Reykjavíkurborgar sem stýrast af ytri aðstæðum og stjórnendur geta ekki haft áhrif á, en breytingar á þessum liðum hafa umtalsverð áhrif á rekstrarniðurstöðu ársreikningsins.

- Breyting á mati innbyggðar afleiðu í raforkusölusamningum Orkuveitu Reykjavíkur. Á árinu 2018 var gjaldfærsla vegna breytinga á gangvirði afleiðunnar að fjárhæð 7.541 milljónir króna, en á árinu 2017 var tekjufærsla vegna breytingarinnar að fjárhæð 12.543 milljónir króna.
- Matsbreyting fjárfestingaeigna Félagsbústaða (húsnæði í útleigu), en matsbreytingin stýrist af breytingu á fasteignamati á fasteignum félagsins. Á árinu 2018 var tekjufærsla vegna matsbreytinga að fjárhæð 2.943 milljónir króna, en á árinu 2017 var tekjufærslan 7.604 milljónir króna.

Nefndin vill einnig benda á óvissu við mat á kröfum vegna sölu á lóðum og byggingarrétti, einkum við þær aðstæður þegar óvissa er í efnahagsmálum. Nefndin tekur undir ábendingar ytri endurskoðenda um skoðun á því með hvaða hætti staðið skuli að tekjufærslum og mati á kröfum vegna þessa.

Virðingarfyllt,

f.h. endurskoðunarnefndar

Lárus Finnbogason, formaður